

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

18. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 14. apríl 2011, kl. 9:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar.
3. Húsnæðismál leikskólans.
4. Jafnréttisáætlun Skútustaðahrepps
5. Fundargerð Skólanefndar dags. 4. apríl.
6. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 4. apríl.
7. Erindi frá Mývatnsstofu ehf. ósk um hlutafjáraukningu.
8. Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni og Guðrúnu M. Valgeirsdóttur ósk um heimild til deiliskipulagsgerðar.
9. Erindi frá Umhverfiráðuneyti dags. 4. apríl, ósk um tilnefndingu fulltrúa í svæðisráð fyrir Rekstrarsvæði 1 í Vatnajökulspjóðgarði.
10. Bréf Önnu Grétu Eypórsdóttur dags. 7. apríl v/leikskólamála.
11. Drög að samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Skútustaðahreppi.
12. Bréf Skipulagsstofnunar dags. 10. mars v/framkvæmda við bryggjur í Helgavogi.
13. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 13. apríl.
14. Erindi frá landeigendum Reykjahlíðar og Voga, þar sem óskað er eftir stuðningi sveitarstjórnar við að gamlar loftlínur verði settar í jörð.

Til kynningar.

Bréf Vatnajökulspjóðgarðs dags. 7. apríl, boð á árlegan samráðsfund.

Bréf frá Orlofsnefnd húsmæðra í Suður-Pingeyjarsýslu.

Fundargerðir stjórnar DA dags. 30. mars og 5. apríl.

Fundargerð Brunavarnanefndar dags. 8. mars.

Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra dags. 9. mars.

Fundargerð stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga dags. 24. mars.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 13 og 14 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Deiliskipulag Bjarnarflagsvirkjunar.

Á aukafundi sveitarstjórnar 5. apríl var farið yfir og afgreiddar athugasemdir sem gerðar voru við auglýsta tillögu að deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar að undanskildum athugasemdum Skipulagsstofnunar sem lúta að hámarkshæð og hámarksstærð bygginga.

Við þessu hefur verið brugðist og inni kafla 3.4.10 verið bætt inn töflu sem sýnir hámarkshæð og hámarksstærð bygginga. Einnig hefur verið bætt inn í kafla 3.5.2. töflu um hámarkshæð bygginga.

Að öðru leiti frestar sveitarstjórn afgreiðslu deiliskipulagstillögunnar.

3. Húsnæðismál leikskólans.

Fengin hefur verið kostnaðaráætlun vegna viðbyggingar við leikskólann frá Trésmiðjunni Rein. Áætlunin hljóðar uppá 5-7 milljónir.

Samþykkt með þremur atkvæðum gegn tveimur að ganga til samninga við Rein um bygginguna og hefja framkvæmdir.

Fulltrúar G-lista leggja fram eftirfarandi bókun:

Við teljum að framtíðarsýn leikskólans sé að fá allt húsnæði að Hlíðavegi 6.

Við teljum að sú hugmynd að flytja skrifstofu Skútustaðahrepps engan vegin hafa verið skoðað nógu vel og erum því á móti tillögunni.

4. Jafnréttisáætlun Skútustaðahrepps

Fyrir fundinum liggur Jafnréttisáætlun Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir áætlunina.

5. Fundargerð Skólanefndar dags. 4. apríl.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er farið yfir stöðuna í húsnæðismálum leikskólans. Fram kemur að formaður hafi farið á fund sveitarstjóra og hafi fengið þau svör að verið væri að kanna kostnað við lausa stofu sem sett yrði niður við núverandi húsnæði leikskólans. Sveitarstjóri hafi upplýst formann um að ekki væri byrjað að kanna kostnað vegna tillögu skólanefndar frá 4. febrúar. Urðu um þetta nokkrar umræður í nefndinni sem ítrekar að

sveitarstjórn svari tillögum skólanefndar frá 4. febrúar. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

Sveitarstjórn afgreiddi fundargerð Skólanefndar frá 7. febrúar á fundi sínum 2. mars. Sú afgreiðsla var send formanni Skólanefndar í pósti og hefur það vinnulag dugað fram til þessa.

6. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 4. apríl.

Í þriðja lið fundargerðarinnar listar nefndin upp þau atriði sem hún telur að koma þurfi á framfæri við Vegagerðina og leita leiða til úrbóta. Í fimmta lið fundargerðarinnar er tekið fyrir erindi frá Pétri Snæbjörnssyni og Guðrúnu M. Valgeirsdóttur þar sem óskað er eftir heimild til deiliskipulagsgerðar og beinir nefndin því til sveitarstjórnar að verða við erindinu. Í sjötta lið óskar Skipulags- og umhverfisnefnd eftir verklagsreglum frá byggingafulltrúa um leyfisveitingar sem henni ber að veita umsagnir um. Í sjöunda lið er umræðuefnið byggingar í niðurníðslu og til hvaða úrræða hægt sé að grípa til að koma málum í betri farveg og telur nefndin rétt að benda sveitarstjórn á vægast sagt bágborið ástand hesthússins á Hlíðarhaga. Í áttunda lið beinir nefndin því til sveitarstjórnar að skipuð verði sérstök þriggja manna ráðgefandi nefnd sem fari yfir öll málefni hitaveitunnar. Í níunda lið veitir nefndin jákvæða umsögn um erindi Landsnets þar sem óskað er eftir breytingu á aðalskipulagi sem sýnd er á m.f. korti og snýst um breytingu á lagnaleið, jafnframt leggur nefndin til við sveitarstjórn að óska eftir því við Landsnet að gerður verði hjóla- og göngustígur ofan á lögninni. Í tíunda lið beinir nefndin því til sveitarstjórnar að verða við erindi Kára Þorgrímssonar um breytingu á aðalskipulagi. Í ellefta lið er lagt til við sveitarstjórn að hafna erindi Héðins Sverrissonar þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir starfsmannahús, á þeim forsendum að verið væri að raska svæði sem ekki er búið að samþykkja skv. aðalskipulagi. Í tólfta lið er tekið fyrir erindi frá Mannviti f.h. Þórhalls Kristjánssonar þar sem óskað er eftir stöðuleyfi. Nefndin telur rétt að minna á bókun sína frá 21. febrúar um sama efni og leggur til við sveitarstjórn að fresta erindinu þar til samþykki nágranna liggja fyrir.

Sveitarstjórn samþykkir þriðja, fimmta, níunda, tíunda, ellefta og tólfta lið fundargerðarinnar. Sjöunda liðnum beinir sveitarstjórn til Atvinnumálanefndar til úrlausnar. Varðandi áttunda liðinn bendir sveitarstjórn nefndinni á að hún fer með málefni hitaveitunnar og því ekki ástæða til að skipa aðra nefnd þar um. Þá er nefndinni bent á að nýta sér þær úttektir sem gerðar hafa verið á veitunni. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

7. Erindi frá Mývatnsstofu ehf. ósk um hlutafjáraukningu.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Stefáni Gunnarssyni, stjórnarformanni Mývatnsstofu ehf. Efni þess er að óska eftir auknu hlutafjárframlagi frá eigendum stofunnar.

Sveitarstjórn samþykkir nýtt hlutafé kr. 500. þús.

8. Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni og Guðrúnu M. Valgeirsdóttur ósk um heimild til deiliskipulagsgerðar.

Með bréfi óska Pétur Snæbjörnsson og Guðrún M. Valgeirsdóttir eftir heimild sveitarstjórnar til deiliskipulagsgerðar á landsvæði sem afmarkast af gamla bæjarstaðinu í Reykjahlíð og er allt þegar í notkun. Á svæðinu er kirkja, grafreitir, landbúnaðrafnot, hótél og veitingastarfsemi og íbúðabyggð. Skv.

nýjum skipulaglögum nr. 123/2010 ber að leita samþykkis sveitarstjórnar fyrir slíkri heimild áður en hinn eiginlega skipulagsvinna fer fram. Í bréfinu koma fram forsendur, áherslur og markmið skipulagsgerðarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Guðrún María vék af fundi undir þessum lið.

9. Erindi frá Umhverfissráðuneyti dags. 4. apríl, ósk um tilnefningu fulltrúa í svæðisráð fyrir rekstrarsvæði 1 í Vatnajökulspjóðgarði.

Með bréfi óskar Umhverfissráðuneyti eftir tilnefningu fulltrúa í svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs, fyrir rekstrarsvæði 1, en skv. 7. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð skal skipa svæðisráð til fjögurra ára í senn fyrir hvert af fjórum rekstrarsvæðunum.

Sveitarstjórn samþykkir að Böðvar Pétursson verði sem fyrr fulltrúi Skútustaðahrepps.

10. Bréf Önnu Grétu Eypórsdóttur dags. 7. apríl v/leikskólamála.

Sveitarstjóra og oddvita falið að svara bréfinu.

11. Drög að samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Skútustaðahreppi.

Fyrir fundinum liggja drög að samþykktum fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Samþykkt að vísa drögunum til Skipulags- og umhverfisnefndar til umsagnar.

12. Bréf Skipulagsstofnunar dags. 10. mars v/framkvæmda við bryggjur í Helgavogi.

Með bréfinu er Skipulagsstofnun að svara erindi Skútustaðahrepps þar sem óskað var eftir meðmælum stofnunarinnar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með veitingu framkvæmdaleyfis fyrir fjórar bryggjur í Helgavogi. Skipulagsstofnun gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að Skútustaðahreppur veiti leyfi fyrir nefndum bryggjum. Sveitarstjórn samþykkir bryggjuframkvæmdinar hér með.

13. Fundargerð Atvinnuálagnefndar dags. 13. apríl.

Í öðrum lið fundargerðarinnar veitir nefndin umsögn um Landbótaáætlun fyrir Austurafreitt 2011-2015 og leggur til tvær breytingar þ.e. að lengja beitartímann úr 80 dögum í 90 og að skoðunarferð verði farin 25. maí í stað 1. júní. Í þriðja lið er farið yfir kostnaðaráætlun frá Trésmiðjunni Rein vegna uppbyggingar á Sniðlareitnum. Nefndin telur þetta góðan kost og mjög þarfan og hvetur til þess að farið verði í framkvæmdir jafnframt því sem auglýst verði eftir leigjendum. Í fjórða lið er farið yfir svar Iðnaðarráðuneytisins vegna fyrirspurnar um ráðstöfun þess fjár sem verja átti til uppbyggingar við lokun Kísiliðjunnar fram kemur að enn er óráðstafað er kr. 90. millj. Leggur nefndin til að haldinn verði fundur með fulltrúum ráðuneytisins, Nýsköpunarsjóða atvinnulífsins og sveitarstjórn til að fara yfir hvernig koma megi þessum fjármunum til atvinnuuppbyggingar. Í fimmta lið farið yfir viðhald á Reykjahlíðarskóla og beinir nefndin því til sveitarstjórn að Sæmundur Sigurðsson verði fenginn til að meta stöðuna.

Sveitastjórn samþykkir fundargerð Atvinnumálanefndar.

14. Erindi landeigenda Reykjahlíðar og Voga

Landeigendur Reykjahlíðar og Voga óska eftir liðsinni sveitarstjórnar þess efnis að Rarik verði hvatt til að leggja allar raflagnir í jörð frá Reykjahlíð í Voga.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu,
Guðrún María vék af fundi undir þessum lið.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.